



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

11. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 26. september 2019 kl. 19 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Starfsáætlun 2020. Starfsáætlunin var lögð fram og rædd. Samþykkt að bæta við upplýsingum um framkvæmdir við Búðarstíg 22.
2. Rekstraráætlun 2020. Lögð var fram rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2020. Töluverð hækkun er nauðsynleg á framlögum eigenda safnsins í ljósi tilkomu Búðarstígs 22. Samþykkt var að hækka aðgangseyri í 1200 krónur. Stjórn byggðasafns Árnesinga samþykkir þessa rekstraráætlun og mælist til að Héraðsnefnd Árnesinga samþykki hana. Safnstjóra jafnframt falið að semja greinargerð um rekstraráætlunina þar sem ýmsir kostnaðar- og tekjuliðir þarfnast skýringa.
3. Drög að leigusamningi um Hafnarbrú 3. Safnstjóri kynnti drög að leigusamningi sem fasteignasala Lögmanna Suðurlands hefur gert um leigu safnsins á Hafnarbrú 3 af Alban ehf. Samþykkt að fresta þessum lið til næsta fundar.
4. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20,30.

Árni Eiríksson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Lýður Pálsson